

Leiðarvísir

Platinum 950 €



412 88 11-07A • InHouse • © 2005 VSM Group AB • Allur réttur áskilinn. Prentað í Svipjóð á umhverfisvænan pappir.



VSM Group AB • SE-561 84 Huskvarna, Sweden www.husqvarnaviking.com

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Þessi saumavél er hönnuð í samræmi við staðla IEC/EN 60335-2-28.

Rafmagnstenging

- Rafmagnsspennan verður að vera sú sama og gefin er upp á kennispjaldinu.

Öryggisatriði

- Notið vélina aldrei sem leikfang.
Ef vélin er notuð af börnum eða nálægt börnum, þá verður ávallt að fylgjast vel með.
- Skiljið saumavélina aldrei eftir í sambandi við rafmagn.
- Takið saumavélina ávallt úr sambandi við rafmagn þegar hætt er að nota hana, og eins þegar verið er að hreinsa hana.
- Slökkvið ávallt á vélinni ("0") þegar unnið er nálægt nálarvæðinu, t.d. þegar verið er að þræða vélina, skipt er um nál, saumfót eða spólan sett í o.s.frv.
- Notið vélina aldrei ef rafmagnsleiðslurnar eða klærnar á þeim eru skemmdar.
- Gætið þess að fingur verði ekki fyrir hreyfanlegum hlutum vélarinnar, og aðgætið sérstaklega að fingur verði ekki fyrir nálinni þegar vélin er í gangi.
- Notið saumavélina eingöngu í þeim tilgangi sem lýst er í leiðarvísir vélarinnar og notið eingöngu fylgihluti sem mælt er með af framleiðanda vélarinnar.
- Takið vélina ávallt úr sambandi þegar skipta þarf um peru í vélinni. Notið ávallt samskonar gerð af peru og var í vélinni, (volt og wött).



Kaflaskiptingar

Kynnist Platinum 950E

Yfirlit	
Hólf fyrir fylgihluti	
Fylgihlutir	
Vélin 950E tekin í notkun	
Vélin tengd við rafmagn	
Gengið frá vélinni eftir notkun	
Hólf fyrir fylgihluti	
Keflispinnar	
Yfirtvinninn þræddur	
Þræðari fyrir nál	
Þræðing á tvíburanál	
Spólað á spóluna	
Spólan sett í vélina	
Spólað í gegn um nálina	
Nálar	
Skipt um nálar	
Saumfætur	
Skipt um saumfót	
Þrýstingur á saumfót	
Fótlyftir	
Tvinnaspenna	
Flytjarinn tekinn úr sambandi	

Aðgerðir og skjár

Aðgerðarhnappar	18
Aðgerðarhnappar fyrir neðan skjá	19
Sporlengd	19
Sporbreidd	19
Tvinnaspenna	19
Hliðarspeglun	19
FUNC-takinn	20
Valhnappar	20
Minni	20
CLR-takinn	20
Takkar til að velja spor og sauma	20
Spor og saumar valdir	21
Nytja og skrautsaumar	21
Stafróf	22
Tákn á skjánum	24
Almenn tákn	24
Forritunartákn	25
Tákn fyrir hnappagöt	25
Forritun	26-28

2-16 Útsaumur

2-3	Útsaumstækið - yfirlit	30
3	Fylgihlutir fyrir útsaum	30
3	Útsaumsfóturinn U settur á vélina	31
4	Útsaumstækið tengt	32
4	Útsaumstækið fjarlægð	32
5	Efnið spennt í útsaumsrammann	33
5	Útsaumsmátið	34
6	Ramminn tengdur við tækið	35
7	Byrjað að sauma út	36
8	Skjárinn þegar saumað er út	37
9	Aðgerðir við útsaum	38
10	Mynsturstærðin stillt	38
10	Skoðunarstaða / tvinnarendar klipptir	40
11	Menu	41
12	Stærð	41
12	Hraði	41
12	Útsaumur á setningum	42

Umhirða vélarinnar 950E

43-47	
46	Truflanir og ráð við þeim


Efnisyfirlit

48	
----	--





Kynnist Platinum 950E




Yfirlit - Vélín að framan

- | | |
|---|---|
| 1. Lok | 20. Botnplata |
| 2. Stillir fyrir þrýsting á fót | 21. Snerill fyrir flytjara - uppi / niðri |
| 3. Þráðgjafi | 22. Fótstöng og fóthalda |
| 4. Tvinnaspenna | 23. Festiskrúfa fyrir nál |
| 5. Forspenna | 24. Tvinnaspenna fyrir spólun |
| 6. Takki - nálin uppi/nálin niðri | 25. Aðal-keflispinni |
| 7. Stop-takki fyrir lok á saum | 26. Keflispinnar |
| 8. Fix takki | 27. Stýringar fyrir spólun |
| 9. Saumhraði - meiri hraði | 28. Auka-keflispinni |
| 10. Saumhraði - minni hraði | 29. Spólari |
| 11. Start/Stop takki | 30. Spólara-stopp |
| 12. Takki fyrir afturábak saum | 31. Tvinnahnífur fyrir spólun |
| 13. Tengill fyrir nema á hnappagatafæti | 32. Handhjól |
| 14. Ljós | 33. Skjár og snertifletir |
| 15. Þræðari fyrir nál | 34. Rauf fyrir útsaums diskling |
| 16. Nálstöng | 35. Aðalrofi og tenglar fyrir mótstöðu og rafmagn |
| 17. Saumfótur | 36. Málband (tommur og sentimetrar) |
| 18. Fríarmur | |
| 19. Lok yfir grípara | |




Yfirlit - Vélin að aftan

- 37. Handfang
- 38. Tvinnahnífur
- 39. Fótlyftir
- 40. Þræðari fyrir nál
- 41. Tengill fyrir útsaumstæki



Hólf fyrir fylgihluti

- 42. Hólf fyrir fylgihluti
- 43. Hólf fyrir saumfætur
- 44. Hólf fyrir spólur




Fylgihlutir

Pictogram penni - sem hægt er að nota til að merkja beint á efni. Liturinn hverfur eftir nokkra klukkutíma. Einnig er hægt að nota kalt vatn til að fjarlægja hann áður en straujað er.

Nálar

Saumfætur A, B, C, D, E, J og hnappagatafótur með nema (sjá bls. 13-14 þar sem er yfirlit um saumfætur)

- 45. Bursti
- 46. Opnari fyrir stingplötu (er festur við burstann)
- 47. Skrúfjárn
- 48. Sprettihnífur
- 49. Jöfnun
- 50. Spólur
- 51. Filtskífur
- 52. Áhald til að fjarlægja peru
- 53. Tvinnanet






Vélin tekin í notkun


1. Setjið vélina á borð, fjarlægjið pakkningar og lyftið lokinu af vélinni.
2. Fjarlægjið pakkningar, fótmótstöðuna og lokið af vélinni.
3. Vélin er afgreidd með poka með fylgihlutum og rafmagnssnúru.
4. Strjúkið af vélinni með þurrum klút, og sérstaklega í kring um nálaarsvæðið til að fjarlægja ryk og óhreinindi áður en byrjað er að sauma.

Fótmótstaðan tengd

Með fylgihlutunum eru snúrur fyrir fótmótstöðuna og rafmagnið. Tenging á snúrunni fyrir fótmótstöðuna er aðeins nauðsynleg í fyrsta sinn sem vélin er tekin í notkun.



1. Takið snúruna fyrir fótmótstöðuna. Snúið mótstöðunni við og tengið snúruna við tengilinn innan í úrtakinu neðan á fótmótstöðunni.
2. Þrýstið tenglinum alveg inn í tengilinn á mótstöðunni.
3. Leggið snúruna í gegn um rauðina sem er hægra megin neðan á fótmótstöðunni.



Vélin tengd við rafmagn

Neðan á vélinni eru upplýsingar um spennu hennar (V = volt) og (Hz = riðafjöldi).

Áður en þið tengið fótmótstöðuna við vélina, gangið þá úr skugga um að hún sé af gerðinni "FR4" (sjá neðan á fótmótstöðunni).




1. Tengjið fótmótstöðuna við fremri tengilinn sem er á hægri hlið vélarinnar.
2. Tengjið rafmagnssnúruna við aftari tengilinn sem er á hægri hlið vélarinnar.
3. Þegar þið kveikið á aðalrofanum (ON) þá kviknar um leið á ljósi hennar.





Gengið frá vélinni að saum loknum

1. Ýtið á aðalrofann til að slökkva á vélinni (OFF).
2. Takið snúruna fyrst úr sambandi við vegg tengilinn og síðan úr vélinni.
3. Vindið snúrunni um handarbakið og setjið hana síðan í vasann utan á lokinu. Hér er einnig hægt að geyma leiðarvísinn og handbókina.
4. Takið fót mótstöðuna úr sambandi frá vélinni - vindið snúrunni um handarbakið og setjið hana síðan í úrtakið neðan á fót mótstöðunni.
5. Gætið þess að allir fylgihlutir séu á sínum stað í hólfinu fyrir fylgihlutina. Rennið því síðan á sinn stað utan um fríarm vélarinnar.
6. Setjið fót mótstöðuna, með neðri hlutann að ykkur þannig að hún falli í raufina sem er á hólfinu fyrir fylgihlutina aftan til á vélinni.




Hólfíð fyrir fylgihluti

Í hólfinu fyrir fylgihlutina eru sérstök svæði fyrir saumfætur, spólur, nálar og aðra fylgihluti. Gangið þannig frá fylgihlutunum að auðvelt sé að nálgast þá.

Hólfíð fyrir fylgihlutina fjarlæg.


Til að nota fríarminn er nauðsynlegt að fjarlægja hólfíð fyrir fylgihlutina. Þegar hólfíð er á sínum stað undir fríarminum, þá er því haldið á sínum stað með smá plastkrók. Það er hnappur neðan á vinstri hlið hólfsins (1) sem ýtt er á til að fjarlægja það. Þrýstið á hnappinn upp á við og rennið hólfinu til vinstri..





Keflispinnar

Á Platinum 950E eru tveir keflispinnar - aðal og auka keflispinnar. Keflispinnarnir henta svo til öllum gerðum af tvinnakeflum Sveigið aðal-keflispinnann upp á við til hægri - setjið tvinnakefli á hann þannig að tvinninn renni réttisælis af keflinu. Rennið hentugri skífu upp að keflinu (sjá að neðan) og sveiflið pinna- num síðan aftur í lárétta stöðu.




Aðal-keflispinni

Aðal-keflispinninn er stillanlegur og hægt að nota hann bæði í lárétttri stöðu (tvinninn rennur af keflinu) eða lóðréttri stöðu (tvinnakeflið snýst). Það eru tvær skífur á keflispinninum, ein stór (a) og önnur minni (b). Notkunin á skífunum fer eftir því hvaða tegund af tvinnakefli og í hvaða stöðu keflispinninn er. Notið lárétta stöðuna fyrir öll venjuleg tvinnakefli og lóðrétta stöðuna fyrir stærri kefli, eða sérstakan tvinna.

Lárétt staða


Þegar keflispinninn er notaður í lárétttri stöðu og fyrir venjuleg tvinnakefli, þá er stærri skífan (a) sett undir tvinnakeflið. Smærri skífan (b) er svo sett fyrir framan keflið.

Ef þið notið stærri tvinnakefli, þá er minni skífan sett undir keflið (b) en stærri skífan sett fyrir framan það (a).



Lítið tvinnakefli/



Þrýstið flötu hliðinni á skífunum upp að tvinnakeflinu, og gætið þess að ekkert bil sé á milli skífunnar og keflisins.



Stórt tvinnakefli

Lóðrétt staða



Ef nota á keflispinnann í lóðréttri stöðu, þá er honum smellt upp á við til hægri. Rennið stærri skífunni á hann og setjið filtskífu undir tvinnakeflið. Hún er til þess að tvinninn renni ekki of hratt af keflinu.





Auka-keflispinninn

Auka-keflispinninn er notaður t.d. þegar verið er að spóla á spóluna af öðru tvinnakefli, eða fyrir annað tvinnakefli þegar verið er að sauma með tvíburanál. Þegar verið er að nota aukakeflispinnann þá er stærri skífa og filtskífa sett á hann.



Yfirtvinninn þræddur

Þegar yfirtvinninn er þræddur er saumfót-urinn hafður í efri stöðu, og nálin höfð í efstu stöðu.



Slökkvið á aðalrofanum.

1. Smellið keflispinnann upp á við og setjið skífu og tvinnakefli á hann (farið eftir leiðbeiningunum hér á undan). Tvinninn á að renna rétt-sælis af keflinu. Setjið keflispinnann aftur í lárétta stöðu. Haldið í tvinnann nálægt keflinu og notið hægri hendina. Notið vinstri hendina til að smeygja tvinnanum í raufarnar eins og örvarnar sýna.

2. Smeygið tvinnanum í fyrstu stýringuna (a), síðan niður og aftur upp á milli skífanna í tvinnaspennunni (b).

3. Haldið áfram að þræða eins og örvarnar sýna. Smeygið tvinnanum frá hægri þegar þrætt er í raufina á þráðgjafanum.
4. Smeygið tvinnanum síðan í síðustu stýringuna rétt fyrir ofan nálina.
5. Nálin er þrædd framan frá. (sjá nánar í þræðara fyrir nál).
6. Smeygið tvinnanum undir saumfóttinn og þaðan í tvinnahnífinn sem er vinstra megin á vélinni og togið aðeins í hann niður á við til að klippa hann.



Þræðari fyrir nál

Nálin verður að vera í efstu stöðu til að hægt sé að nota þræðarann. Við mælum einnig með því að saumfóturinn sé settur niður.





Slökkvið á aðalrofanum.

1. Togið þræðarann alveg niður og látið tvinnann krækjast undir stýringuna (a).
2. Snúðið honum fram á við þar til járnhlífarnar á honum fara utan um nálina. Þá fer lítill krókur í gegn um nálaraugað.
3. Leggið nú tvinnann um stýringuna og síðan undir járnhlífarnar sem eru utan um nálina og þannig að tvinninn fari í krókinn sem fór í gegn um nálaraugað.
4. Látið nú þræðarann fara hægt og rólega til baka og við það dregur krókurinn á þræðaranum tvinnann í gegn um nálaraugað og myndar lykkju hinum megin. Togið lykkjuna síðan alveg í gegn um nálina.
5. Setjið tvinnann undir saumfótinn og klippið hann.

ATH: Þræðarinn hentar fyrir nálar í grófleika 70-120. Ekki er hægt að nota hann á mjög fínar nálar í grófleika 60 eða finni, og ekki á wing-nálar (húllsaumsnálar), tvíbura eða þríburanálar, eða þegar verið er að nota hnappagatafótinn með nemanum. Þegar verið er að nota nokkur önnur aukataeki gæti þurft að handþræða nálina. (sjá að neðan).

Þegar nálin er þrædd með höndunum, verður að gæta þess að þræða hana framan frá. Hvíti flöturinn á fóthöldunni gerir auðveldara að sjá nálaraugað, og hægt er að nota lokið yfir spólunni sem stækkunargler.






Þræðing fyrir tvíburanál



Slökkvið á aðalrofanum.

1. Setjið tvíburanál í nálarhölduna. (sjá nánar á bls. 12 "Skipt um nálar".
2. Notið auka-keflispinnann og annað tvinnakefli eða spólið tvinna á aðra spólu og notið hann..
3. **VINSTRI NÁLIN (RAUD):** Þræðið eins og lýst var á bls. 7 og gætið þess sérstaklega að tvinninn fari á milli innri spenniskífanna og inn í stýringuna fyrir ofan nálina. Þræðið vinstri nálina.
4. **HÆGRI NÁLIN (BLÁ):** Togið auka-keflispinnann upp og setjið stóru skífuna og filtskifu á hann.
5. Setjið tvinnakefli eða spólu með tvinna fyrir hina nálina á keflispinnann.
6. Þræðið vélina eins og áður var lýst, en þessi tvinni verður að vera á milli ytri spenniskífanna og fyrir utan síðustu stýringu fyrir ofan nálina. Þræðið hægri nálina.



Spólað á spóluna

1. Setjið tóma spólu á spólarann og látið vörumerki Husqvarna snúa upp. Ýtið síðan niður á spólarann.
2. Setjið skífu og filtskífu á auka-keflis-pinnann
3. Þræðið tvinnann í fyrstu stýringuna (a), síðan undir næstu stýringu (b) og þaðan yfir síðustu stýringuna (c) eins og sýnt er á myndinni að ofan.

ATH: Eftir gæðum tvinnans getur verið gott að snúa tvinnanum einu sinni eða tvisvar í kring um fyrstu stýringuna (a).


4. Snúðið tvinnanum nokkra hringi rétt-sælis í kring um spóluna og síðan í tvinnahnífinn (d).
5. Stígið á fótmótstöðuna. Þegar spólan er orðin full, þá stöðvast spólarinn sjálf-krafa. Fjarlægið spóluna og klippið tvinnann. Ýtið spólarann upp á við.


Spólan sett í vélina



Slökkvið á aðalrofanum.

1. Fjarlægið lokið yfir gríparann með því að renna því fram á við.
2. Setjið spóluna í spóluhúsið og gætið þess að vörumerki Husqvarna snúi upp og tvinninn snúi til vinstri. Spólan snýst þá rangsælis þegar togað er í tvinnann.
3. Setjið finger ofan á spóluna til að halda við hana um leið og þið togið í tvinnann til hægri og síðan til vinstri inn í spennu fjöðrina (a) þar til hann "smellur" á sinn stað.
4. Haldið áfram að þræða í kring um (b) og til hægri og þaðan til vinstri í tvinnahnífinn (c). Setjið lokið aftur yfir gríparann (1). Togið tvinnann til vinstri til að klippa hann (2).





Spólað í gegn um nálina

Aðgætið að nálin og saumfóturinn séu í efstu stöðu. Notið eingöngu grænu Hus-qvarna spólurnar.

Notið eingöngu saumfót úr járni þegar spólað er í gegn um nálina.

Spólið eins og lýst var hér á undan. Eini munurinn er sá að tvinningurinn er þræddur í gegn um nálina, þaðan undir saumfótinn og síðan til hægri yfir stýringuna (c).

Ath: Við mælum ekki með því að spóla sér-tvinna eins og glærum tvinna eða aðra teygjanlega tvinna í gegn um nálina. Spólið þá á “venjulegan hátt” eins og lýst var hér á undan.



Nálar

Saumavélanálin er mikilvægur hlekkur þegar verið er að sauma. Gætið þess að kaupa eingöngu gæðanálar og nálar af tegund 130/705H. Nálarnar sem fylgja Platinum 950E vélinni innihalda mest notuðu grófleikana fyrir bæði ofin og teygjanleg efni.

A. Alhliða nálar í grófleikum 80 og 90

Þessar nálar eru notaðar við saum á ofnum efnum. Oddur nálanna er hannaður þannig að hann stingi á milli þráðanna, svo hann skemmi ekki vefnaðinn.

B. Nálar fyrir teygjanleg efni í grófleika 90

Þessar nálar eru oftast kallaðar “stretch” nálar og eru fyrir prjónuð og teygjanleg efni. Þær eru merktar með gulum lit og eru með kúlulagaðan odd,

C. Nálar fyrir gallabuxnaefni í grófleika 90



Þessar nálar eru kallaðar “Jeans” nálar og eru hannaðar fyrir gróf ofin efni eins og “denim” og segldúka. Þessar nálar eru merktar með bláum lit og eru með mjög hvassan odd til að auðvelda nálinni að komast í gegn um þessi grófu efni.

Skipt um nál




Slökkvið á aðalrofanum.

1. Losið um skrúfuna í nálarhöldunni.
2. Fjarlægið nálina.
3. Setjið nýja nál í hölduna og gætið þess að flati kanturinn snúi frá ykkur, og ýtið henni eins hátt upp í hölduna og hægt er.
4. Notið skrufjárn til að herða skrúfuna.



Ath: Skiptið reglulega um nálar og notið eingöngu beinar og oddhvassar nálar.

Skemmd nál (b) getur orsakað að vélin hlaupi yfir spor, að nálin brotni eða tvinninn slitni. Skemmd nál getur líka skemmt stingplötuna á vélinni.






Saumfætur

Með vélinni fylgja nokkrir saumfætur fyrir hina ýmsu sauma.


Saumfótur A

Er á fóthöldunni þegar vélin er afgreidd frá verksmiðju. Þessi fótur er aðallega notaður fyrir beina sauma og zik zak þar sem sporlengdin er lengri en 1.0.




Saumfótur B

Þegar saumuð eru þétt zik zak spor með sporlengd minni en 1,0. Einnig er gott að nota þennan fót með ýmsum nytja- og skrautsaumum. Úrtakið neðan á fætinum rennur mjög vel yfir þetta sauma.




Saumfótur C

Þetta er hnappagatafótur, og er með línur sem ákvarða lengd. Miðlínán gefur til kynna 15mm fjarlægð frá jaðri. Raufarnar tvær undir fætinum eru einnig góðar stýr-ingar fyrir leggi hnappagatsins..




Saumfótur D

Þessi fótur er fyrir blindfalda. Innri brún fótarsins stýrir efninu og botninn er hannaður þannig að hann rennur meðfram fald-brúninni.




Saumfótur E

Þessi fótur er fyrir rennilása og hægt er að setja hann á fóthölduna þannig að nálín sé annaðhvort vinstra eða hægri megin við hann.



Saumfótur J


Þessi fótur er notaður til að kasta jaðra með “overlocksaum” og einnig til að sauma saman og ganga frá jaðrinum í einum saum og þá er sporbreiddin 5,0 til 5,5 mm. Saumarnir fara út fyrir pinnaann á fætinum, en hann kemur í veg fyrir að jaðarinn rykkist.





Hnappagatafótur með nema eða skynjara

Þegar þessi fótur er tengdur við vélina, þá getur vélin saumað aftur og aftur sömu lengd af hnappagati og upprunalega var saumuð með þessum fæti. Miðlínan á fæt-inum gefur til kynna 15mm fjarlægð frá brún efnisins.





Skipt um saumfót



Slökkvið á aðalrofanum.

1. Gætið þess að nálin sé í efstu stöðu. Togið í saumfótinn skáhallt fram á við.
2. Setjið nýjan fót þannig í fóthölduna að pinninn í saumfætinum sé á mótis við fjöðrina í fóthöldunni. Þrýstið á fótinn þar til hann smellur á sinn stað.





Þrýstingur á saumfót (a)

Hægt er að stilla þrýstinginn á saumfótinn með skífunni sem er undir lokinu á Platinum 950E. Venjulega stillingin er í kring um svæði merkt 4 og því hærri sem talan er, þeim mun meiri þrýstingur er á efnin. Þrjón og mjúk efni ætti að sauma með minni þrýsting.

Fótlyftir (b)

Fætinum er lyft og hann lækkaður með fótlyftinum. Fóturinn verður ávallt að vera niðri þegar reynt er að sauma.

Með því að lyfta fætinum í efstu stöðu, og þrýsta síðan á fótlyftinn þá er hægt að auka svæðið undir fætinum um nokkra millimetra.






Yfirtvinnaspenna

Notið ávallt þá tvinnaspennu sem gefin er upp á skjánum.

Hægt er að breyta yfirtvinnaspennunni ef verið er að sauma sérstök efni eða sauma. Þetta er gert með því að snúa skífunni á yfirtvinnaspennunni (a). Því hærri sem talan er þeim mun meiri verður spennan. Venjulegasta stillingin er á svæðinu í kring um 4.

Þegar verið er að sauma hnappagöt eða skrautsauma ætti að stilla á svæði 3.

Þegar verið er að stinga jaðarstungur með grófum tvinna þarf að auka spennuna á 7-9.




Rétt og röng tvinnastilling;

Til að skilja rétta tvinnastillingu ættuð þið að sauma nokkur zik zak spor og breyta stillingunni á yfirspennunni.

1. Byrjið með tvinnaspennu sem er of lág. Stillið á lægri tölu. Undirtvinninn liggur nú beinn og togar yfirtvinnann niður á rönguna.
2. Ef tvinnaspennan er stillt of hátt, þá skeður það gagnstæða, og saumurinn rykkist og tvinninn slitnar e.t.v.
3. Rétt tvinnastilling er þegar yfir og undirtvinninn mætast á milli efnanna, nema í skrautsaumum, þá eiga þeir að hnýtast rétt við jaðarinn á röngunni.

Saumið nokkra prufusauma á efnisbúta af sama efni og sauma á seinna meir. .





Flytjarinn tekinn úr sambandi

Flytjarinn er tekinn úr sambandi með því að snúa snerlinum framan á fríarminum á táknið **—**. Snúið honum svo aftur til hægri á táknið **▲▲** þegar þið viljið setja hann aftur í samband. Flytjarinn fer aftur í samband um leið og byrjað er að sauma. Flytjarinn er tekinn úr sambandi þegar verið er að festa tölur, og við fríhendis saumaskap.



AÐGERÐIR OG SKJÁRINN





Aðgerðarhnappar



NÁLIN UPPÍ / NÁLIN NIÐRI er notað til að færa nálina í efri eða neðri stöðu og/eða til að láta vélina stöðvast með nálina í efri eða neðri stöðu.

ATH: Hægt er að ákveða hvort vélin stoppar með nálina uppi eða niðri á meðan verið er að sauma..



STOP er notað til að ljúka við ákveðið spor eða mynstur. Vélina stöðvast að saum loknum og gengur sjálfkrafa frá endunum.

STOP er afturkallað með því að ýta aftur á hnappinn eða með því að velja annan saum. Þegar **STOP** er virkt, þá kemur teikn á skjáinn. Hægt er að forrita Stop-aðgerðina.




FIX er notað til að ganga frá tvinnaendunum. Þegar ýtt er á hnappinn þá kemur teikn á skjáinn. Ef ýtt er aftur á hnappinn þá er aðgerðin gerð óvirk. Þegar byrjað er að sauma, saumar vélina nokkur spor til að ganga frá tvinnaendunum og saumar síðan valinn saum. Ýtið aftur á **FIX** hnappinn á meðan saumað er og þá gengur vélina frá endunum þegar hætt er að sauma. Hægt er að forrita Fix aðgerðina.



Ýtið á **+ SPEED** eða **- SPEED** til að auka eða minnka hraða vélarinnar.



Allir saumar í Platinum 950E hafa ákveðinn hraða sem mælt er með fyrir þann saum og þegar byrjað er að sauma þá mun Platinum 950E sauma á þeim hraða sem ákveðinn var.



Ef þið ákveðið hins vegar að minnka hraðann þá gildir sú stilling fyrir alla aðra sauma þar til slökkt er á vélinni.



START/STOP er snert þegar þið viljið að vélina saumi sjálf án þess að stígið sé á fótstöðuna. Ýtið á **START/STOP** þegar þið viljið að vélina byrji eða hætti að sauma.



AFURÁBAK Ýtt er á þennan takka þegar þið viljið að vélina saumi afturábak. Þegar takkanum er sleppt saumar vélina áfram á ný. Lengsta afturábaksþorið er 3 mm.

Ef þið viljið af einhverjum ástæðum láta vélina sauma stöðugt afturábak, þá er ýtt tvisvar sinnum snögg á takkann áður en byrjað er að sauma. Afturábak-saumur er gefinn til kynna með teikni á skjánum. Platinum 950E saumar afturábak þar til takkinn er snertur á nýjan leik.



Aðgerðarhnappar við skjá

Sporlengd

Þegar saumur er valinn þá stillir Platinum 950 E sjálfkrafa á hentugustu sporlengd fyrir þann saum sem valinn var. Sporlengdin er sýnd á skjánum fyrir ofan sporlengdartakkana. Þið getið breytt sporlengdinni með því að ýta annaðhvort á + eða - takkann. Sumir saumar eru með takmörk á stillingum og er það þá gefið til kynna með hljóðmerki.

Takkarnir eru einnig notaðir til að stilla hnappagatastærð þegar neminn fyrir hnappagötin er tengdur við vélina.

Sporbreidd

Sama gildir um sporbreiddina. Sporbreidd-in er einnig sýnd á skjánum fyrir ofan sporbreiddartakkana, og hægt að stilla hana frá 0 og upp í 6 mm.

Ef beint spor er valið þá eru sporbreiddar-takkarnir notaðir til að færa nálarstöðuna til í fætinunm (25 nálarstöður). Sumir saumar eru einnig með takmörkun á stillingum og er það þá einnig gefið til kynna með lágværu hljóðmerki.

Tvinnastilling

Hægt er að breyta yfirtvinnaspennunni með því að snerta (+) eða (-) takkana. Tölurnar á tvinnaspennunni sýna tvinnastillinguna. Þeim mun hærri sem talan er, þeim mun stífari er spennan. Ef þið breytið spennunni, þá helst sú breyting þar til slökkt er á vélinni.

ATH: Snúið ekki hjólinu fyrir yfirspennuna með höndunum.

Hliðarspeglun

Ýtið á þennan takka þegar þið viljið spegla ákveðið mynstur hliðarspeglun. Þegar ýtt er á þennan takka þegar stillt er á beint spor, þá breytist nálarlegan frá vinstri yfir til hægri. Ef þessi takki er snertur í **REP**, þá snýst öll mynsturröðin við (sjá bls. 30).

Þegar **HLIÐARSP EGLUN** er virk þá sést tákn á skjánum.

Ef reynt er að spegla saum sem ekki er hægt að spegla, þá heyrir lágt hljóðmerki.

**FUNC**

Ýtið á þennan takka til að fletta á milli aðgerða í Platinum 950E. Um er að ræða þrjár mismunandi aðgerðir, **NORM**, **PROG** og **REP**. **NORM** aðgerðin (venjulegur saumaskapur) er alltaf virk þegar kveikt er á vélinni. Ýtið einu sinni á takkann til að fara yfir í **PROG** forritunaraðgerðina (notuð við forritun), snertið hann aftur til að fara yfir í **REP** (endurtekningar) aðgerðina, sem notuð er til að sauma forritaðar mynsturraðir. Snertið einu sinni enn til að fara aftur yfir í **NORM** aðgerðina.. Virk að gerð er sýnd á skjánum.

Örvar takkar

Þessir takkar eru notaðir til að fara áfram eða til baka í ákveðinni forritaðri mynsturröð.

M Minni

Platinum 950E er með fjögur minni þar sem hægt er að geyma forrituð mynstur. Hvert minni getur geymt allt að 30 sauma eða bókstafi og takkarnir eru notaðir til að fletta á milli minnana í **PROG** eða **REP**. Viðkomandi númer á minni er sýnt í neðra hægra horni skjásins.

CLR CLR

Ýtið á þennan takka í **PROG** aðgerð til að eyða öllu eða hluta af mynstri eða mynsturröð (sjá bls. 28). Þegar búið er að eyða mynstri í minni, þá sýnir skjárin ekki lengur númer viðkomandi mynsturs.

Þegar verið er að sauma hnappagöt með hnappagatafætinum með nemanum, þá er **CLR** notað til að breyta sporlengdartökk-unum -/+ á milli tölustærðar og sporlengdar.

Valmyndir fyrir sauma

Í Platinum 950E eru tvær grundvallar valmyndir:

Σ Saumar

A/a/1 Stafróf

Teikn í efra hægra horni skjásins gefur til kynna þá valmynd sem er í notkun.



Saumar valdir



Nytja og skrautsaumar

Þegar hnapparnir fyrir saumana eru snertir þá koma fyrst upp saumarnir fyrir nytja og skrautsauma (fyrsta röðin innan á lokinu).

Platinum 950E er með 35 sauma. Þeir eru sýndir innan á loki vélarinnar, en einnig er yfirlit yfir þá á bls. 64 í handbókinni sem fylgir vélinni. Hver saumur hefur sitt númer sem notað er þegar þeir eru valdir.

10 mest notuðu saumana er hægt að velja beint með viðkomandi tökkum. Ýtið á myndina af viðkomandi saum til að velja hann.



Notið númerin á tökkunum 1 til 10 til að velja sauma 10-35.

Til að velja sauma 10-35, er einfaldlega ýtt á viðkomandi númer á tökkunum. Til að velja saum 12 (tengisaum) er fyrst ýtt á takka nr. 1 og síðan strax á eftir á takka 2.

Númerið á saum 12 kemur nú í neðra hægra horni skjásins og staðfestir um leið að þessi saumur hafi verið valinn.

Platinum 950E ákveður hraðann, sporlengdina, sporbreiddina og tvinnaspennuna fyrir hvern saum fyrir sig, og sýnir einnig á skjánum hvaða saumfót er best að nota.

Þegar kveikt er á vélinni Platinum 950E, þá kemur beint spor ávallt á skjáinn.



Ýtið á valhnappa 1 og 2 til að velja tengisaum nr. 12



Stafróf

Í Platinum 950E er stafróf í stafagerðinni “Outline Block”. Í því eru hástafir, lágstafir, tölustafir og nokkur sértákn.

Allir stafir eru sýndir innan á loki vélarinnar. Hver stafur hefur sitt númer til að velja þá og númerið er sýnt fyrir ofan hvern staf.

Flettið á milli hinna þriggja valmynda með því að ýta á **A/a/1**. Virk valmynd kemur fram í glugganum á skjánum.

“**A..**” þýðir að við erum í valmynd fyrir hástafi, “**a..**” þýðir að við erum í valmynd fyrir lágstafi og “**1..**” þýðir að við erum í valmynd fyrir tölustafi og sértákn.


Stafur er valinn með því að snerta viðkomandi númer á valtökkunum. Til að velja stafinn “P”:

- Er ýtt á **A/a/1** þar til “**A..**” kemur í gluggann á skjánum.
- Ýtið á **1** og síðan á **6**.
- “**A..**” kemur í gluggann og saumur nr. 16 er sýndur í neðra hægra horni á skjánum.

Platinum 950E stillir hentugustu sporlengd, sporbreidd, hraða vélarinnar og tvinna-spennu. Á skánum er einnig sýndur sá fótur sem mælt er með að nota.



Stafrófið “Outline Block”



Hástafir



Lágstafir



Tölustafir
og sértákn




Tillhör Karlsson.
Tommy. Du måste
vara desperat om
du vill stjäla den
här handduken.
Köpte den 1992.
Bara så att du vet.



Tákn á skjánum

Á skjáinn koma ávallt tákn sem veita allar þær upplýsingar sem þarf á að halda til að ná sem bestum árangri. Sum táknin eru ávallt til staðar, en önnur koma upp við sérstakar stillingar. Táknin á skjánum eru sýnd og útskýrð hér að neðan.



Almenn tákn


1. Stiltur **HRAÐI** er sýndur hér.
2. Sýnir hvort **NÁLIN STÖÐVAST UPPI / NIÐRI**.
3. Sýnir hvort **HLIÐARSPEGLUN** er virk.
4. Ráðlagður **SAUMFÓTUR** er sýndur hér.
5. Sýnir að **STOP** aðgerðin er virk.
6. Sýnir að **FIX** aðgerðin er virk.
7. Sýnir viðkomandi **SAUMAADGERÐ**.
8. Yfirlitsgluggi
Sýnir hvaða valmynd er virk, saumar eða einhver stafrófsvalmynd.
9. Valið **NÚMER Á SAUM** er sýnt hér.
10. Valin **SPORBREIDD** er sýnd hér.
11. Sýnir að **AFTURÁBAKSAUMUR** sé virkur.
Fyrir ístoppspor (saumur 15), mjókkandi eða breikkandi sauma (númer 16) eða þegar verið er að sauma hnappagöt þrep fyrir þrep, þá kemur blikkandi tákn, sem gefur til kynna að ýta þurfi á **AFTURÁBAK** til að breyta um saumátt.
12. Stíllt **SPORLENGD** er sýnd hér.

	VALMYND FYRIR SAUMA
	HÁSTAFIR
	LÁGSTAFIR
	NÚMER OG SÉRTÁKN



Forritunartákn

13. **PROG** eða **REP** er sýnt hér og gefur til kynna að þú sért annaðhvort í forritunaraðgerð (PROG) eða lokið forritun (REP) og tilbúin að sauma það sem var forritað.
14. Númer sem sýnir **VIRKT MINNI** er hér.
15. **FORRITAÐUR SAUMUR** er sýndur hér.




Tákn fyrir hnappagöt

Pegar hnappagatafóturinn með nema er tengdur við vélina.

16. Sýnir að hnappagatafóturinn er tengdur við vélina. Ef táknið blikkar þá er hvíta línan á hjólinu stillt á móts við hvítu línuna á fætinum.
17. Stillið **STÆRD TÖLU**, með því að snerta sporlengdartakkana (+) eða (-). Með því að ýta á **CLR**, þá er hægt að fletta á milli þess að stilla tölustærð eða þéttleika í hnappagötum.

Ef hnappagatafóturinn með nemanum er ekki tengdur.

18. Þegar hnappagötin eru saumuð þrep fyrir þrep, þá sýnir blikkandi tákn þegar ýta þarf á **AFTURÁBAK** til að breyta um saumátt.





Forritun

Með Platinum 950E er hægt að forrita sauma og stafi saman. Hægt er að geyma slíkar forritanir í minni vélarinnar, og þar geymast þær einnig þótt slökkt sé á vélinni.

PROG aðgerð

Ýtið á **FUNC** til að gera **PROG** aðgerðina virka.

M Minnin

Ýtið á **M** til að velja minni. “M”ið og númerið sem kemur fyrir aftan tákna virkt minni. Í vélinni eru fjögur minni (M1 til M4). Hvert minni getur geymt allt að 30 sauma, sem þýðir að þið getið forritað og geymt allt að 120 sauma og/ eða stafi.

Þegar **PROG** er valið, þá verður síðast valda minnið virkt. Til að geyma forritað mynstur í öðru minni en því sem upp kemur, þá veljið þið númer minnisins fyrst og áður en þið forritið einhverja sauma. Mynstrið verður þá vistað sjálfkrafa í þessu minni eftir forritun.

Farið á milli forritaðra sauma

Notið hægri örvartakkann til að fara á tóman stað þegar þið viljið bæta saum við.

Notið örvartakkana einnig til að fara á milli sauma í mynsturröð. Á skjánum kemur fram númer þess saums sem verið er í hverju sinni.

Eyða sporum eða forrituðum saumum

Ef saumar eða setning er í völdu minni



og þið viljið eyða þeim, þá ýtið á **CLR** til að hreinsa minnið. Minnið er þar með

hreinsað frá þeim stað sem verið er á og til enda.. Til að endurhlaða eyddu mynstri er ýtt aftur á **CLR** áður en ný spor eru sett í minnið eða áður en ýtt er á örvartakkana.

A/a/1 **ATH:** Þegar verið er að forrita bókstafi, þá er hægt að minnka bilið á milli stafanna. Ýtið á **<** (saum 34) þegar einhver af undirvalmyndum stafrófanna eru virkar, en með því forritið þið örlítið afturábakspor. Þeim mun fleiri afturábakspor sem forrituð eru - þeim mun styttra bil verður yfir í næsta staf.

ATH: Ekki er hægt að forrita sauma 15-19. Ef það er reynt, þá gefur vélin frá sér hljóðmerki og númer saumsins blikkar á skjánum. Veljið annan saum.



Saumar og stafir forritaðir

Til að forrita sauminn sem hér er sýndur;

- Ýtið á **FUNC** til að velja **PROG**.
- Veljið saum 31. Númer saumsins kemur á skjáinn.

Þegar verið er að forrita röð, þá þarf að færa sig áfram með vinstri örvartakka-num

þegar kemur að næsta saum. Annars kæmi næsti saumur bara í stað þess sem fyrir er og búið er að setja í vélina.

Til að forrita "E" í hástaf er ýtt einu sinni á takkann fyrir stafrófið.

"A.." kemur þá í gluggann á skjánum.

- Veljið saum 5 (E). Númerið 5 kemur nú í neðra hægra horninu á skjánum. Færið nú áfram með því að ýta á hægri örvartakkann.

Til að forrita "rika" í lágstöfum, þá veljið þið lágstafi í stafrófsvalmyndinni. Þegar lágstafir eru valdir í undirvalmynd stafrófsins, þá kemur a.. í gluggann á skjánum.



- Veljið saum 18 (r), og númerið 18 kemur á skjáinn. Færið ykkur áfram með hægri örvartakkanum. Haldið síðan áfram og veljið hina stafina; 9 (i), 11 (k), og 1 (a) á sama hátt.

Ýtið á takkann fyrir mynstrið sem á að vera með í röðinni.

- Veljið saum 31. Númer hans kemur á skjáinn.
- Ýtið á  til að spegla mynstrið. Ýtið síðan á hægri örvartakkann til að færa fram á við.

Ýtið á  aðgerðarhnappinn til að forrita stop, þannig að mynstrið saumist aðeins einu sinni, en verði ekki endurtekið.

Táknið  kemur fram á skjánum og sýnir að stopp-aðgerðin er forrituð.





Mynstri eða staf breytt

Hægt er að breyta hvaða mynstri eða staf í **PROG** aðgerð þegar viðkomandi númer er sýnt á skjánum. Færið ykkur einfaldlega með örvartakkanum eftir mynsturröðinni þangað til þið sjáið númerið á því mynstri eða þeim staf sem þið viljið breyta og veljið annað mynstur til að koma í þess stað.

Breyta stillingum á mynstri í mynsturröð

Ef þið viljið breyta stillingum á mynstri eða staf í mynsturröð þá færið ykkur eftir mynsturröðinni þar til komið er á viðkomandi mynstur. Þá getið þið breytt sporlengdinni og sporbreiddinni eða speglað viðkomandi mynstur.

Breytingarnar verða sjálfkrafa vistaðar í minninu.

Mynsturröðin saumuð

Til að sauma röðina ýtið þið á **FUNC** til að ná í **REP** aðgerðina. Mælt er með saumfæti B.


Ef stopp hefur verið forritað í röðina, þá er það gefið til kynna með táknið  á skjánum.

Ef þið viljið fara yfir mynsturröðina þá notið þið örvartakkana til að fara áfram eða afturábak í mynsturröðinni.

Saumið mynsturröðina á efni þar sem undirleggsefni hefur verið lagt undir.


Breytingar á allri mynsturröðinni

Í **REP** aðgerð getið þið ýtt á  til að hliðarspegla alla röðina. Sú aðgerð verður ekki geymd í minni vélarinnar.



ÚTSAUMUR





Útsaumastækið

1. Tengill fyrir tækið
2. Útsaumsarmur
3. Tengistykki fyrir ramma
4. Losunartakki

Auka og fylgihlutir

Ýmsir útsaums-aukahlutir fylgja með Platinum 950E; Bæklingurinn “Husqvarna Viking Embroidery Collection”, “Platinum 950E Sampler booklet”, “Flower Romance embroidery booklet”, “Border embroidery booklet”, Útsaumsfótur U, fjórir disklingar (Platinum 950E Sampler, 100:5, Clarendon Font, 100:2, Flower Romance, 15 and Border, 103), útsaumsrammi (240x150 mm), sniðmát fyrir útsaum, penni fyrir sniðmát, skæri, grip fyrir sknúfu, tvö sýnishorn af efnum, tvö undirleggsefni og 6 mismunandi útsaumstvinnaefni.

Útsaums-disklingar

Rennið diskling inn í raufrina hægra megin á vélinni. Ýtið síðan á þann takka sem samsvarar því mynstri sem þið ætlið að sauma.

Til að skipta um diskling er einfaldlega togað í disklinginn og annar settur í hans stað.

Útsaumsbæklingur

Í Platinum 950E sýnishornabæklingnum “Sampler booklet” eru öll mynstur sýnd í raunverulegri stærð. Miðjumerking og staðsetningarmerkingar á öllum hliðum eru einnig sýnd þannig að auðvelt er að staðsetja mynstrin í rammanum.

Númer valmyndarinnar (með svörtu), númer mynstursins (með rauðu), og sporafjöldinn í mynstrinu eru svo nálægt viðkomandi mynstri.

Tvinnaefnin gefa síðan til kynna númer viðkomandi lits og eru miðuð við Sulky útsaumstvinna í grófleika 40.




Útsaumsfótur U

Útsaumsfótinn er hægt að nota á tvo vegu; fyrir útsaum og einnig þegar verið er að sauma útsaum á bútsaumsefni og þegar verið er að sauma út á handklæði eða álíka þykk efni.

Fyrir venjulegan útsaum á armurinn á útsaumsfætinum að vera þannig að hægt sé að lesa stafinn “U” (a).

Þegar hann er notaður við útsaum á þykkari efnum, þá er armurinn færður aðeins upp á við (b). Með því er fóturinn staðsettur aðeins hærra og hentar því betur fyrir þykkari efni.



Útsaumsfóturinn U settur á vélina



Slökkvið á vélinni, lyftið saumfætinum og fjarlægið fótinn af fóthöldunni.

Notið skrúfugripið til að fjarlægja skrúfuna sem heldur fóthöldunni á fótstönginni og fjarlægið fóthölduna.

Setjið útsaumsfótinn aftan frá á fótstöngina og gætið að því að armurinn á fætinum á að leggjast ofan á nálarskrúfuna. Snúið handhjólinu þannig að nálarhaldan fari aðeins niður á við þannig að þægilegra sé að setja arminn ofan á skrúfuna.

Gætið að því að fóturinn sitji þannig að gatið á honum sé á móts við gatið á fótstönginni.

Setjið skrúfuna í gatið og herðið hana með skrúfugripinu.








Útsaumstækið tengt við vélina

Slökkvið á vélinni og fjarlægið hólfið fyrir fylgihlutina.

ATH: Fyrir aftan fríarminn er tengill fyrir útsaumstækið og yfir tenglinum er plastlok. Áður en þið tengið tækið verður að fjarlægja þetta plastlok og er best að gera það með litlu skrúfjærni.



1. Rennið útsaumstækinu á fríarminn og ýtið því þar til það tengist örugglega við tengilinn á vélinni.

Ef saumfóturinn er niðri, þá lyftið honum upp áður en þið kveikið á vélinni.

2. Merkið "C" í rammatákni blikkar nú á skjánum. Ef þið hafið sett ramma á tækið, þá fjarlægið hann. Ýtið síðan á  og við það kvarðar vélin sig og armurinn færir sig í grunnstöðu. Þetta skeður í hvert sinn sem tækið er tengt við vélina.

ATH: Gætið þess að láta vélina ekki kvarða sig með rammann festan við tækið, því það gæti skemmt nálina, rammann eða útsaumstækið.

3. Ef enginn disklingur er í vélinni þá blikkar tákn um diskling á skjánum.

Setjið diskling í disklingaraukina hægra megin á vélinni og veljið myndstur með því að snerta viðkomandi takka.


4. Flytjarinn er sjálfkrafa tekinn úr sambandi þegar útsaumstækið er tengt við vélina og hann fer einnig sjálfkrafa í samband þegar tækið er fjarlægt af vélinni.

Útsaumstækið fjarlægt


1. Það er best að geyma útsaumstækið ávallt í töskunni utan um það. Til að fjarlægja tækið er ýtt á . Armurinn á útsaumstækinu fer í grunnstöðu. Slökkvið síðan á vélinni.
2. Ýtið á takkann neðantil og vinstra megin á tækinu og rennið því út af fríarminum.

Efnið spennt í útsaumsrammann

1. Losið um skrúfuna á ytri rammanum og fjarlægjið innri rammann. Leggið rammann ávallt á traustan og flatan flöt þannig að skrúfan á honum sé hægra megin neðan til. Á miðjum neðri fletinum á rammanum er lítil ör. Þessi ör verður að standast á við örina á innri rammanum.




2. Leggið efnið og vlís-undirleggið ofan á neðri rammann og leggið síðan innri rammann ofan á, þannig að litla örin vísi að ykkur.



3. Þrýstið innri rammanum ofan í ytri rammann.

ATH: Losið um skrúfuna á ytri rammanum ef efnin komast ekki auðveldlega í hann.

Þegar innri ramminn er kominn á sinn stað getið þið aðeins togað í efnin ef með þarf. Herðið síðan skrúfuna á ytri rammanum. Efnið verður að liggja vel strekkt í rammanum til að ná góðum árangri.






ATH: Þið getið lesið meira um undirleggsefni og ramma í handbókinni um fylgihluti.



Útsaumsmátið

Þar sem mynstrin eru sýnd í raunverulegri stærð í bæklingnum er auðvelt að staðsetja þau á efnið með aðstoð útsaumsmátanna. Notið að sjálfsögðu ávallt rétt mát fyrir viðkomandi rammastærð.

1. Leggið mátið á mynstrið sem nota á úr bæklingnum.
2. Með pennanum fyrir mátið strikið þið nú eftir útlínunum mynstursins á mátið.
3. Leggið mátið síðan á efnið og merkið fyrir miðju mynstursins í gegn um miðgatið og einnig í gegn um strikin á mátinu. Notið "Pictogram"-penna eða penna sem auðvelt er að fjarlægja strikin á eftir.
4. Þegar þið spennið efnið í rammann (sjá bls. 33), þá leggið þið efnið og undirleggsefnið á ytri rammann. Setjið síðan innri rammann þannig ofan á efnið að hliðarstrikin á honum og strikið að ofan og neðan standist á við strikin sem teiknuð voru á efnin. Gefið ykkur góðan tíma svo að strikin standist á.
5. Þrýstið innri rammanum ofan á ytri rammann og herðið skrufuna á ytri rammanum. Efnið verður að liggja vel strekkt í rammanum - annars næst ekki tilætlaður árangur.




Tengið rammann við tækið

Rennið rammanum á arminn á útsaumstækinu þar til hann smellur á sinn stað.

Miðjupunkturinn sem merktur var á efnið á að vera beint fyrir neðan nálina.

ATH: Þegar ramminn er tekinn af arminum er ýtt á gráa hnappinn á útsaumstækinu og rammanum rennt fram á við.





Byrjað að sauma út

1. Setjið útsaumstækið á vélina og kveikið á vélinni.
2. Setjið diskling í raufina (t.d. Platinum 950E Sampler, 100:5). Kvarðið tækið með því að ýta á .
3. Veljið mynstur með því að ýta á viðkomandi hnapp. Platinum 950E velur sjálfkrafa minnsta rammann sem hægt er að sauma viðkomandi mynstur í.
4. Rennið rammanum á sinn stað. Gætið þess að viðkomandi rammastærð sé sú sama og ramminn sem sýndur er á skjánum. Ef svo er ekki þá skiptið um ramma (sjá bls. 40).
5. Ýtið á **START/STOP** til að byrja að sauma. Vélin skynjar rammann og byrjar að sauma. Eftir nokkur spor stöðvast vélin og mynd af skærum blikkar á skjánum, sem gefur til kynna að klippa eigi byrjunarendann á tvinnanum.
6. Klippið tvinnaendann og ýtið svo á **START/STOP** til að halda áfram að sauma.
7. Þegar búið er að sauma fyrsta litinn þá stöðvast vélin og litur nr. “2” blikkar á skjánum sem gefur til kynna að nú þurfi að skipta um tvinnalit. Þræðið næsta lit og haldið síðan áfram eins og lýst er í 5-6 hér að ofan.
8. Þegar búið er að sauma út, þá stöðvast vélin. Ramminn er færður í byrjunarstöðu þar sem byrjað var á fyrsta litnum. Tvinnaliturnúmer “1” blikkar á skjánum og nú væri hægt að sauma sama mynstur frá byrjun á ný.

Þið getið einnig valið nýtt mynstur með því að velja það með valttökkunum.



Skjátákn við útsaum

Saumfóturinn niðri


Blikkandi saumfótartákn gefur til kynna að saumfóturinn sé niðri. Lyftið saumfætinum.

Kvörðun

Blikkandi tákníð "C" innan rammataknins minnir á að fjarlægja rammann og ýta á tákníð  til staðfestingar (Platinum 950E kvarðar sig).

Disklingur

Blikkandi tákn um diskling minnir á að setja diskling í vélina.



- STOP** tákn gefur til kynna að Platinum 950E stoppar eftir hvern tvinnalit. Ef ekkert stopp er sjáanlegt, þá er viðkomandi mynstur saumað í einum lit.
- Notið **ÚTSAUMSFÓT U**. "U" gefur til kynna að útsaumsfóturinn á að vera í stöðu a. "U" gefur til kynna stöðu b (sjá bls. 31).
- Gefur til kynna valda **RAMMASTÆRÐ**. Ef valinn rammi er ekki í samræmi við rammann sem er tengdur við útsaumstækið, þá stöðvast vélina og gefur frá sér hljóðmerki. Tákníð fyrir rammann blikkar á skjánum.
- Tákníð "E" gefur til kynna **SNÚNINGSTÖÐU** mynstursins. Þegar þú snýrð mynstrinu, þá sérð þú einnig að tákníð "E" snýst.
- Yfirlitsgluggi: Þegar disklingur með mörgum mynstrum er settur í vélina þá er **NÚVERANDI VALMYND** sýnd hér.
- Tákníð um **TVINNALIT**. Blikkandi númer við hliðina á tvinnakefli táknar að skipta eigi um lit. Blikkandi "E" við hliðina á tvinnakefli táknar að efri/neðri tvinninn sé búinn eða slitinn.
- BLIKKANDI SKÆRI** minna á að klippa þurfi byrjunarendann.
- Táknar valið **NÚMER MYNSTURS**. Tákníð "—" á skjánum þýðir að ekkert mynstur hefur verið valið.
- Táknar **BREIDD** mynstursins (í mm). Hægt er að breyta því með sporbreiddartökkunum.
- Táknar **HÆÐ** mynstursins (í mm). Hægt er að breyta henni með sporlengdartökkunum.



Aðgerðir í útsaum

◀ Hliðarspeglun

Ýtið á **HLIÐARSPEGLUN** og við það speglast mynstrið lárétt.

Þegar hliðarspeglun er valin, þá kemur tákn á skjáinn.



⌚ Mynstrinu snúið

Ýtið á **SNÚA MYNSTRI** til að snúa mynstrinu í 90 gráða þrepum. Þið sjáið hvernig

mynstrið snýst með því að fylgjast með hverníð tákníð “**E**” snýst eftir hvern snúning.




Stærð mynstursins stillt

Hægt er að stækka eða minnka viðkomandi mynstur um allt að 25% í hvora átt. Notið sporlengdartakkana til að breyta hæðinni, en sporbreiddartakkana til að breyta breiddinni. Vélin gefur frá sér hljóðmerki þegar komið er að hámarkinu.

Hægt er að breyta lengd og breidd óháð hvoru öðru t.d. til að gera mynstur mjó og löng eða þá stutt og breið. Þegar þið breytið mynstrum á þennan hátt er einnig gott að prófa sig áfram með mismunandi grófan tvinna þar sem sporafjöldinn breytist ekki við breytingar á stærð mynstursins. Notið finni tvinna fyrir mynstur sem eru minnkuð en grófari tvinna við mynstur sem eru stækkuð.

ATH: Spyrjið umboðsmann Husqvarna Viking um forritið “ReSize Plus”, en með því er hægt að stækka og minnka mynstur án þess að hafa áhrif á sporþéttleikann.





Farið spor fyrir spor

Ýtið á þessa hnappa til að fara í gegn um mynstrið spor fyrir spor. Ef tvinninn slitnar eða er búinn þá er einnig hægt að ýta á  til að fara nokkur spor aftur á bak. Ýtið á  til að fara spor fyrir spor áfram.

ATH: Ef þessum hnöppum er haldið niðri, þá fer vélin hraðar í gegn um sporin.

Farið í gegn um mynstrið lit fyrir lit

Þegar mynstur er samsett úr nokkrum litum, þá er hægt að nota þessa takka til að fara afturábak  eða áfram  á byrjunarflöt hvers litar fyrir sig.



Hnappur til að athuga stærð og staðsetningu



Með þessum hnapp er hægt að færa rammann á öll fjögur horn rammans til að athuga útlínur og stærð þess. Við fyrstu snertingu fer ramminn upp í efra vinstra horn mynstursins (tákn blikkar innan rammatáknansins á skjánum og sýnir viðkomandi staðsetningu). Við hverja frekari snertingu færast ramminn í hin hornin og við fimmtu snertingu fer ramminn aftur á staðsetningu fyrsta spors mynstursins.

Þessi aðgerð sýnir einnig hvar viðkomandi mynstur verður saumað á efnið. Það auðveldar einnig staðsetningu mynstursins þegar sauma á fleiri en eitt mynstur í röð.

Þegar mynstur er valið þá verður ramminn ávallt staðsettur þannig að nálin stingi niður í miðjan útsaumsflötinn.

Mynsturstaðsetning færð til



Notið þessa hnappa ef færa þarf mynstrið til á annan stað í ramanum.

Um leið og þessir hnappar eru snertir, þá sjáið þið hvernig staðsetningin breytist þegar ramminn færast.

Takmörkin í hverja átt fyrir sig eru gefin til kynna með hljóðmerki.

ATH: Ef þið viljið breyta stærð mynstursins þá þarf að gera það áður en mynstrið er fært frá miðjum mynsturfletinum. Ef mynstrið er fyrst fært til og síðan stækkað, þá getur stækkunin takmarkast af útsaumsfletinum.

**Rammastærð**

Veljið þá rammastærð sem sýnd er á skjánum. Veljið aðra rammastærð með því að ýta á hnappinn fyrir ramma. Ýtið hratt á hnappinn til að fletta á milli rammastærða. Ef engin önnur rammastærð er hentug, þá gefur vélin frá sér hljóðmerki.

Verið alveg viss um að þið setjið sömu rammastærð á arminn og sýnd er á skjánum. Nemi í armi útsaumstækisins gengur úr skugga um stærð rammans þannig að þið getið ekki gert mistök.

Þetta tákn er einnig notað til að kvarða útsaumstækið.

ATH: “Minnsti ramminn” 40 x 40, “litli ramminn” 100 x 100, “kringlótti ramminn” 100 x 100, “mið-ramminn” 170 x 100, og “stóri “MEGA”-ramminn” 360 x 150 “ eru allir aukahlutir sem hægt er að fá aukalega. Sjá nánar í bæklingnum “Accessory User’s Guide”).

**Aðgangur að spólunni**


Þegar búið er á spólunni stöðvið þið vélin með því að ýta á **START/STOP**.

Þegar þið þurfið að komast að spólunni og útsaumsramminn er tengdur við útsaums-

tækið þá ýtið þið á  og við það fer ramminn frá þannig að þið getið rennt lokinu yfir spólunni frá. Þegar búið er að skipta um spólu ýtið þið aftur á 

Togið í umframtvinnann, færið afturábak

nokkur spor (bls. 39). Ýtið á **START/STOP** til að halda áfram með útsauminn.

**Grunnstaða**

Fjarlægjið rammann og ýtið á þennan hnapp til að færa útsaumstækið í grunnstöðu þannig að auðvelt sé að ganga frá því í töskuna.

**Valmynd**

Sumir disklingar innihalda fleiri en eina valmynd. Ýtið á **MENU** til að fletta á milli þeirra. Virk valmynd er ávallt sýnd í yfirlitsglugganum.

**Stærð**


Ýtið á **SIZE** til að fletta á milli stærða í stafrófs-disklingum. Stærð viðkomandi leturgerðar er sýnd í neðra vinstra horni skjásins. Táknid fyrir stærðina hverfur eftir nokkrar sekúndur eða þegar stafur er valinn.



Klippið löngu stökksporin

Þegar skipt er um lit í mynstri er best að nota tækifærið og klippa um leið löngu “stökk”-sporin, sem myndast þegar ramminn færist á milli saumflata. Þetta flýtir fyrir og gerir endanlegar klippingar auðveldari þegar mynstrið er fullsaumað.


Ýtið á , og ramminn færist fram á við. Klippið löngu þræðina og ýtið síðan aftur á . Ramminn fer í sína fyrri saumstöðu. Ýtið á **START/STOP** til að halda áfram.



Fix

Áður en þið byrjið að sauma út getið þið ýtt á **FIX** takkann til að sauma þræðispor í kring um útsaumsflötinn. Þetta getur verið hentugt þegar sauma þarf á efni sem erfitt er að strekkja í rammann. **FIX** aðgerðina er einnig hægt að nota til að þræða þjötlu á undirleggsefni. Þessi þræðingarflötur sýnir einnig staðsetningu mynstursins.

Þegar **FIX** aðgerðin er virk er ekki hægt að fletta fram og til baka í tvinnalitinum.



Einlitur útsaumur

Ýtið á **STOP** (tákníð hverfur af skjánum) til að hætta við litaskiptingar í marglitum mynstrum. Mynstrið saumast þá bara í einum lit.



Hraði

Sérhver sportegund í mynstri hefur fyrirfram ákveðinn hámarkshraða sem hægt er að sauma með. Ef þið viljið minnka hraðann í mynstri t.d. þegar þið eruð að nota erfðan eða sérstakan tvinna, þá ýtið á . Til að auka hraðann á ný er ýtt á .



Bókstafir

Disklingur með stafagerðinni Clarendon 100:2 fylgir með vélinni Platinum 950E. Þegar fleiri en einn bókstafur eru saumaðir, þá er byrjunarstaða hvers bókstafs ávallt á eftir endastöðu bókstafsins á undan.

Ef fyrsta stafnum/tákninu er snúið eða hann stækkaður/minnkaður, þá verður sá næsti í sömu stilingu og hlutföllum.

Til að sauma orðið “Platinum”, er útsaums-tækið sett á vélina og Clarendon disklingurinn settur í raufina.

Eftir kvörðun blikkar textinn “**SIZE**” tvisvar á skjánum. Snertið takkann **SIZE** til að fletta á milli stærða sem hægt er að nota.

- Veljið 20 mm stærð.

Disklingurinn er með þrjár valmyndir; hástafi (A.), lágstafi (a.) og tölustafi/sérstök tákn (1..). Flettið á milli valmynd-anna með því að snerta **MENU** takkann.

- Veljið hástafi. **A..** kemur í ljós í glugunum.
 - Ýtið á takka 1 og 6 til að velja “P”.
 - Til að allt orðið komist fyrir í ramma-
num ýtið þið einu sinni á hnappinn **ROTATION**.
 - Ýtið á hnappinn **STAÐSETNINGARÖR
UPP “POSITIONING ARROW UP”** til að
færa byrjunarstöðuna efst á útsaums-
flötinn.
 - Ýtið á **START/STOP** til að byrja saum.
- Þegar “P” er búíð þá ýtið þið aftur á **MENU** og veljið lágstafi (**a.**).
- Ýtið á valhnappa 1 og 2 til að velja “l”.
 - Ýtið á **START/STOP** til að byrja saum.



Vélin snýr sér og staðsetur stafinn “l” við hliðina á saumaða stafnum “P”.

Haldið áfram og veljið stafina a, t, i, n, u, og m í samræmi við ofangreindar leiðbeiningar þar til búíð er að sauma allt orðið.

Þegar þið staðsetjið stafina nálægt jaðri útsaumsrammans, þá þarf að aðgæta að þeir stafir sem sauma á hafi nægjanlegt pláss bæði hvað varðar hæð og breidd.

Ef einhver stafur er of hár eða of breiður til að hann passi við hliðina á þeim sem fyrir er þá er ramminn færður aftur á miðjuna á útsaumsfletinum. Þið getið þá valið um að færa stafina á hentugri stað eða að spenna efnið á nýjan leik í rammann þannig að staðsetningin passi betur.

ATH: Ef sauma á orð sem eru lengri en stærð rammans er, þá er efnið spennt á ný í rammann. Notið **STAÐSETNINGARÖRVARNA** til að staðsetja næsta staf á endaspor þess stafs sem síðast var saumaður. Nálin sýnir byrjunarstöðuna. Notið einnig hnappinn **ATHUGIÐ STÆRÐINA “CHECK SIZE BUTTON”** til að athuga útlínur útsaumsins.

ATH: Stafir í disklingum fyrir aðrar leturgerðir sem fást aukalega eins og t.d. dislingur 100:3, Palace leturgerð og 100:4, Kalligraphia leturgerð eru saumaðar á sama hátt eins og lýst var hér.

UMHIRÐAVÉLARINNAR PLATINUM 950E





Skipt um peru


Notið eingöngu perur af sömu gerð og teknar eru fram framan á vélarhausnum. Þær fást hjá umboðsaðila Husqvarna.




Slökkvið á aðalrofanum.

1. Setjið áhaldið fyrir peruskiptin þannig að dýpri hluti þess, merktur OUT fari utan um peruna. Snúið perunni EKKI, togið hana bara niður á við.
2. Þegar ný pera er sett í er hún sett í þann hluta áhaldsins sem er merkt IN, og síðan er henni ýtt upp í perustæðið.

1.



2.





Umhirða vélarinnar

Til að halda vélinni vel við er nauðsynlegt að hreinsa hana oft. Athugið að það þarf ekki að smyrja vélina.



Slökkvið á aðalrofanum.

Hreinsun

Hreinsið vélina að utan með mjúkum og þurrum klút.

Hreinsað í kring um gríparasvæðið

Fjarlægið saumfótinn og rennið lokinu yfir gríparanum af vélinni. Takið flytjarann úr sambandi. Setjið áhaldið til að fjarlægja stingplötuna á burstann, og síðan í úrtakið fyrir aftan stingplötuna. Hreinsið flytjaratennurnar með burstanum.

Hreinsað undir gríparasvæðinu

Þegar ló safnast saman, þá þarf að hreinsa svæðið undir gríparanum.


Fjarlægið hölduna yfir spóluhúsinu (1) sem er fremst yfir gríparanum (2) Fjarlægið spóluhúsið með því að lyfta því upp.

Hreinsið svæðið með burstanum.

Setjið spóluhúsið og hölduna yfir því aftur á sinn stað.

Stingplatan sett á aftur.

Hafið flytjarann úr sambandi. Staðsetjið stingplötuna ca. 5 mm frá aftari brúninni og þrýstið plötunni síðan aftur á bak. Rennið lokinu yfir gríparanum á sinn stað og setjið flytjarann aftur í samband.





Truflanir og ráð við þeim

Farið yfir þennan lista ef einhver vandamál koma upp þegar þið eruð að sauma;

- Gefið upp rétta tegund af efni í saumráðgjafanum..
- Setjið nýja nál af þeim grófleika og tegund sem mælt er með á skjánum.
- Þræðið bæði yfir og undirtvinna á nýjan leik.
- Notið keflispinnann í annaðhvort lárétttri eða lóðréttri stöðu.
- Notið tvinnanet og aðeins fyrsta flokks tvinna. Við almenna sauma mælum við með að nota sömu gerð af tvinna sem yfir og undirtvinna, en við útsauma og hnappagöt mælum við eindregið með Sulky 40 útsaumstvinna sem yfirtvinna og Sulky undirtvinna á spóluna.

Efnið rykkist?

- Gefið upp rétta tegund af efni í saumráðgjafanum..
- Athugið nálina - hún gæti verið skemmd.
- Setjið nýja nál í vélina af þeim grófleika og tegund sem mælt er með á skjánum.
- Þræðið bæði yfir og undirtvinna á nýjan leik.
- Skiptið um tvinna þannig að hann hæfi völdu efni og saumatækni.
- Notið aðeins gæðatvinna.
- Styttið sporlengdina.
- Notið undirleggsefni.

Vélin hleypur yfir?

- Athugið nálina - hún gæti verið skemmd.

- Skiptið um nál og setjið nál af ráðlögð-um grófleika og tegund í vélina.
- Aðgætið að nálin snúi rétt í nálarhöldunni og sé alla leið upp í henni.
- Þræðið bæði yfir og undirtvinna á nýjan leik.
- Notið þann saumfót sem mælt er með.
- Slökkvið og kveikið aftur á vélinni.
- Hafið samband við umboðsaðilann.

Nálin brotnar?

- Togið ekki í efnið um leið og þið saumið.
- Setjið nýja nál af þeim grófleika og tegund sem mælt er með á skjánum.
- Setjið nálina rétt í vélina eins og sýnt er á bls. 12.

Léleg tvinnaspenna?

- Veljið rétt efni í saumráðgjafanum.
- Þræðið bæði yfir og undirtvinna á nýjan leik. Notið gæðatvinna.
- Setjið nýja nál í vélina af þeim grófleika og tegund sem mælt er með á skjánum.
- Farið eftir leiðbeiningum um tvinna-spennu.
- Farið eftir ráðleggingum um undirleggs-efni.

Yfirtvinninn slitnar?

- Er auðvelt að toga í tvinnann - festist hann einhversstaðar?
- Notið tvinnanet og gæðatvinna..
- Notið annan grófleika af nál eins og mælt er með í HJÁLPAR valmyndinni.
- Þræðið yfir og undirtvinna á nýjan



leik - er vélin rétt þrædd?

- Setjið keflispinnann í aðra stöðu (lárétta eða lóðrétta).
- Skiptið um stingplötu ef gatið á henni er skemmt.
- Er rétt skífa fyrir framan tvinnakeflið?

Efnið færast ekki?

- Er flytjarinn í sambandi?
- Aukið sporlengdina,

Spólutvinninn slitnar?

- Spólið aftur á spóluna..
- Skiptið um spólu í vélinni. Yfirfarið rétta þræðingu (sjá bls. 10).
- Skiptið um stingplötu ef gatið á henni er skemmt.
- Hreinsið gríparasvæðið.

Það spólast ójafnt á spóluna?

- Yfirfarið þræðingu fyrir spólun.

Ekki rétt spor - óregluleg og mjó spor?

- Takið öryggið fyrir tvíburanál úr sambandi.
- Slökkvið og kveikið aftur á vélinni.
- Skiptið um nál, þræðið yfir og undirvinnann á ný.
- Notið undirleggsefni.

Vélin saumar hægt?

- Yfirfarið stilltan hraða.
- Fjarlægið stingplötuna og burstið ló frá gríparasvæði og flytjara.
- Látið yfirfara vélina hjá umboðinu.

Vélin saumar ekki?

- Togið spólarann upp í saumastöðu.
- Aðgætið að allir kaplar séu alla leið í tenglunum.
- Athugið hvort rafmagn sé að vegg-tenglinum.

Ekkert sést á skjánum?

- Skjárinn getur verið viðkvæmur gagnvart stöðurafmagn. Ef slökkt er á skjánum vegna stöðurafmagns, reynið þá að slökkva á vélinni og kveikja aftur á henni. Ef það dugar ekki er ráðlegt að hafa samband við umboðið.

Látið yfirfara Platinum 950E

saumavélina reglulega hjá Husqvarna umboðinu.

Ef þið hafið farið eftir ofangreindum leiðbeiningum en hafið ekki getað lagað það sem að er, er best að koma vélinni til umboðsaðilans. Ef um eitthvað ákveðið vandamál er að ræða er ávallt gott að láta fylgja með saumaða prufu með ykkar tvinna á búi af því efni sem þið eruð að nota. Saumuð prufa segir oft meira en mörg orð.

Hlutir og fylgihlutir frá öðrum

Ábyrgðin á Platinum 950E nær ekki til skemmda eða bilana sem stafa af því að þið hafið notað hluti eða aukahluti frá öðrum framleiðanda.





**Efnisyfirlit í stafrófsröð**

Við bendum einnig á Platinum handbókina með upplýsingum um sauma og sauma-tækni en hún fylgir með vélinni.

Aðal keflispinni	6	Hólf fyrir fylgihluti	3
Aðgerðarhnappar	18	Hreinsun á vél	45
Aðgerðir		Jafnvægi í saumum	47
FUNC	20	Keflispinnar	6
NORM	20	Minni	20, 26
PROG	20	Mynstur Röð	28
REP	20	Nálin	
Afturábak saumur	18	gölluð nál	12
Auka keflispinni	77	skipt um nál	12
Blindfaldur	25	staða nálar í saumfætinum	19
Bókstafir	22	uppi / niðri	18
Clr	20	þræðari fyrir nál	8
Efni þrædd saman	25	NORM	20
Efnið spennt í útsaumsramma	33	Nytjasaumar	21
FIX°	18, 41	NORM	20
Flytjari tekinn úr sambandi	16	PROG	20, 26
Forritun	26-28	REP	20
stafir og saumar	27-28	Saumfætur	
Fótlyfta	14	fótlyfta	14
Fótmótstaða	4, 5	skipt um fót	14
Fylgihlutum komið fyrir	5	þrýstingur á saumfót	14
FUNC	20	Saumhraði	18
Gemgið frá að saum loknum	5	Saumum eytt	26
Hliðarspeglun	19	Skipt um	
Hnappagatafótur með skynjara	14	nál	12
Hnappagöt		peru	44
m/fæti með skynjara	14	saumfót	14
		stingplötu	45
		Skjár þegar saumað er út	37
		Speglun (hliðarspeglun)	19
		Spólað á spóluna	10
		Spólað í gegn um nálina	11
		Spólan sett í vélina	10
		Sporbreidd	19



Sporlengd	19	Val á saum	21
Stafróf	22	Valhnappar	21
Start / Stop	18	Valmynd	
Stilla mynsturröð	28	saumar	21
Stingplatan fjarlægð	45	undirvalmynd fyrir stafróf	22
		Vélin 950 E tekin úr pakkningu	4
Teikn á skjá	24-25	Vinnuborðið fjarlæggt	5
Tenging við rafmagn	4		
Truflanir og ráð við þeim	46, 47	Yfirlit yfir vél	2-3
Tuttugu og fimm nálarstöður	19		
Tvinnastilling	15	Þrif og viðhald	43-47
		Þræðing	
Útsaumur	29	á nál	8
aðgerðir	38	á spólu	10
disklingur	30	á tvíburanál	9
efnið spennt í ramma	33	á yfirtvinna	7
hliðarspeglun	38		
mynstrinu snúið	38	Örvartakkar	20
setningar	42		
stærð mynstra	38		
útsaumsbæklingur	30		
útsaumsfóturinn	31		
útsaumsmátið	34		
Útsaumstækið			
aðgerðir í útsaum	38		
fjarlæggt	32		
fylgihlutir	30		
grunnstaða	40		
hliðarspeglun	38		
hraði	41		
klippið löngu sporin	41		
mynstri snúið	38		
rammastærð	40		
ramminn tengdur við vélina	35		
skjátákn	37		
stærð mynsturs	38		
tengt við vélina	32		
útsaumsfóturinn U	31		
útsaumsmátið	34		
yfirlit	30		
valmynd	40		

Við áskiljum okkur rétt til að breyta vélinni og fylgihlutum án fyrirvara og/eða gera breytingar á hönnun vélarinnar.

Slíkar breytingar munu hins vegar eingöngu verða gerðar þannig að þeir komi eigendum vélanna til góða.